

From: hlynur.ingason@fir.stir.is [mailto:hlynur.ingason@fir.stir.is]

Sent: 30. maí 2012 16:42

To: Eiríkur Áki Eggertsson

Cc: hlynur.hreinsson@fir.stir.is; Solev.Ragnarsdottir@fir.stir.is; oqmundur.hrafn.magnusson@fir.stir.is

Subject: RE: Efnahags- og viðskiptanefnd - mál nr. 666 (vsk)

Í umsögn KPMG eru gerðar athugasemdir við lokamálsgrein 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins þar sem lagðar eru til breytingar á 42. og 43. gr. laganna. Líkt og fram kemur í greinargerð um 5. og 6. gr. frumvarpsins er megináhersla ákvæðanna sú að ríkissjóður endurgreiði ekki virðisaukaskatt á sama tíma og seljandi vöru og þjónustu innheimtir virðisaukaskatt en skilar honum ekki í ríkissjóð. Samkvæmt ríkisskattstjóra er töluvert um að þetta eigi sér stað.

Ráðuneytið leggur áherslu á að ákvæði lokamálsgreina 5. og 6. gr. frumvarpsins standi óbreytt. Hvað við kemur rökum KPMG um að með endurgreiðslubeiðni til ríkisskattstjóra leggi húseigandi fram gögn sem séu ríkisskattstjóra nægur grundvöllur til að fullnusta þá skyldu sýna að úrskurða seljanda þjónustunnar á VSK-skrá og gera honum að greiða virðisaukaskattinn þá er það ekki alls kostar rétt. T.a.m. er tilgangur ákvæðis 27. gr. A í VSK-lögunum sem kom inn með lögum nr. 163/2010 sá að halda áætluðum aðilum fyrir utan virðisaukaskattsskrána, þannig að þeir geti ekki skráð sig aftur nema þeir hafi staðið fullnægjandi skil á virðisaukaskattsskýrslum og virðisaukaskatti. Umrædd grein var sett með lögum nr. 163/2010 og hefur reynst vel. Það er því ljóst að þrátt fyrir að í einhverjum tilvikum sé hægt að úrskurða aðila inn á virðisaukaskattsskrá þá er það ekki algillt að svo sé raunin, enda þjónaði þá t.a.m. nýlegt ákvæði 27. gr. A ekki tilgangi sínum.

Ráðuneytið telur að ekki eigi að vera vandkvæðum bundið fyrir íbúðareigendur að athuga líkt og VSK-skyldir aðilar (sbr. 1. mgr. 16. gr. VSKL.) hvort seljandi vöru eða þjónustu sé skráður á virðisaukaskattsskrá eða ekki. Allar upplýsingar um seljanda vöru og þjónustu er hægt að nálgast á vef ríkisskattstjóra eða með símhringingu í þjónustuver ríkisskattstjóra o.fl. Einnig er hægt að koma skýrum leiðbeiningum fyrir á vef ríkisskattstjóra og á eyðublöðum ríkisskattstjóra þar sem hnykkt er á því að aðilar skuli kynna sér áður en af viðskiptum verður hvort aðili sé skráður á virðisaukaskattsskrá. Með þeim tillögum sem lagðar eru til í lokamálsgrein 5. gr. og 6. gr. frumvarpsins er því jafnframt verið að auka ábyrgð neytenda og þá samfélagslegu vitund almennings að eiga eingöngu viðskipti við þá aðila sem sannanlega eru skráðir á virðisaukaskattsskrá en ekki þá sem standa fyrir utan kerfið.

Hvað við kemur erlendum ferðamönnum þá eru þeir e.t.v. minnsta áhyggjuefnið, enda versla þeir eðli máls samkvæmt oftast við aðila sem reka viðurkenndar verslanir og eru þá skráðir á virðisaukaskattsskrá. Að okkar mati væri það því í undantekningartilfellum að lækka þyrfti endurgreiðslufjárhæð til erlendra ferðamanna vegna þessa. Hvað við kemur öðrum aðilum sem geta krafist endurgreiðslna þá sjáum við ekki að annað ætti að gilda um þá, sbr. þau rök sem nefnd hafa verið hér að ofan.

Kv.,
HI.

Hlynur Ingason, lögfræðingur / Legal Adviser

Fjármálaráðuneytið, tekju- og skattaskrifstofa / Ministry of Finance, Department of Revenue and Taxation